

Nefndasvið Alþingis
nefnasvið@althingi.is
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/849
komudagur 3.12.2012


Eftirfarandi er umsögn Peningamálaálfélags Íslands (hér eftir „umsagnaraðili“) um tillögu að þingsályktun um aðskilnað peningamyndunar og útlánastarfsemi bankakerfisins, sbr. þingskjal 262 – 239. mál. Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem verði falið að kanna hvernig hægt sé að tryggja aðskilnað peningamyndunar og útlánastarfsemi bankakerfisins með því að afnema heimildir bankanna til útlána umfram lausar innstæður. Nefndin ljúki störfum 1. janúar 2013 og ráðherra skili skýrslu til Alþingis um niðurstöður nefndarinnar innan mánaðar frá því að hún lýkur störfum.

Peningakerfi snýr að því hvernig peningar eru skapaðir, settir í umferð og hvernig þeir hverfa úr umferð. Það er því ljóst að peningakerfi hverrar myntar er grundvöllur að efnahagslífi hennar. Í kjölfar hrunins hefur farið fram víðtæk umræða og rannsóknir framkvæmdar á skipulagi bankakerfisins, gjaldmiðlamálum, skattamálum, efnahagsbrotum, stjórnarhari og tilhögun ríkisfjármála svo eitthvað sé nefnt. Furðu sætir hversu litla athygli peningakerfið hefur fengið í ljósi mikilvægis þess.

Peningakerfi íslensku krónunnar er svonefnt brotaforðakerfi (e. fractional reserve banking), sem felur í sér að viðskiptabankar búa til peninga í gegnum útlánastarfsemi. Eftirfarandi eru tveir helstu ókostir brotaforðakerfisins, sem eru ástæður þess að Peningamálaáfélag Íslands telur nauðsynlegt kanna betri lausnir í þessum efnum.

- 1 Peningakerfið orsakar óþarflega stórt bankakerfi og óþarflega mikla skuldsetningu með tilheyrandi hættu á fjármálaáfallum.** Þeir peningar sem viðskiptabankar búa til í dag undir brotaforðakerfinu verða aðeins til samhliða útlánaveitingu. Þannig er aukin skuldsetning raunhagkerfisins (fyrirtækja, heimila og hins opinbera) forsenda þess að nýir peningar komist í umferð. Þar sem útlán bankanna bera hærri vexti en innlán, vex skuldsetning raunhagkerfisins stöðugt í hlutfalli við peningamagnið sem er aðgengilegt í kerfinu, að öðru jöfnu. Hægt og rólega verður skuldsetning kerfisins því illviðráðanleg og veruleg hætta á skulda- og bankakreppum myndast með tilheyrandi vandamálum fyrir samfélagið allt.
- 2 Óhóflegar sveiflur eiga sér stað í peningamagninu undir núverandi kerfi.** Yfir 95% af peningamagni (M2, skv. skilgreiningu Seðlabanka Íslands) íslensku krónunnar hefur verið skapaður af íslenskum viðskiptabönkum. Þegar peningamagn er aukið verulega hefur það áhrif á verðbólgu. Verðbólga hefur svo aftur víðtæk áhrif í efnahagslífinu og þess vegna er mikilvægt að ekki séu of miklar sveiflur í peningamagni. Þegar litið er til þróunar peningamagns (seðlar og mynt auk óbundinna innlána - M2) árin fram að falli bankanna kemur í ljós að peningamagnið margfaldaðist á fáum árum fram að október 2008. Ljóst er að þetta jók enn frekar á þann óstöðugleika í efnahagslífinu á þeim tíma.



Umsagnaraðili álitur hér vera mjög mikilvægt mál á ferðinni sem varðar þjóðarhag. Það er eðlilegt að þjóðinni sé veitt svör við því af hverju Ísland ætti að viðhafa brotaforðakerfi í stað annarra möguleika þar sem brotaforðakerfið virðist hafa jafn óheppilegar afleiðingar og lýst var að ofan. Umsagnaraðili styður því þingsályktunartillöguna.

Þó vill umsagnaraðili gera eftirfarandi breytingartillögur á orðalagi tillögunnar:

1. Til þess að skýra hver tekur við valdinu til peningasköpunar er lagt til að í stað orðalagsins:
 - a. „... með því að afnema heimildir bankanna til útlána umfram lausar innstæður.“verði notast við orðalagið:
 - b. „... með því að fela Seðlabanka Íslands að taka við framkvæmd útgáfu peninga, hvort sem um seðla og mynt eða rafeyri er að ræða.“
2. Umsagnaraðili álitur þann tímaramma sem lagt er upp með sé of knappur. Lagt er til að Nefndin ljúki störfum 1. júní 2013 og skili skýrslu 1. júlí 2013.

Í ljósi mikilvægis málsins og þeirrar þekkingar sem þarf að byggja upp í þessum efnum þá er það mat umsagnaraðila að við þá vinnu sem haldið yrði út í yrði leitað til erlendra sérfræðinga á sviðum peningakerfa. Til að mynda yrði leitast við að hafa náið samstarf við höfunda rannsóknar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem vísað er til í þingsályktunartillögunni.

F.h. Peningamálafélags Íslands,

Halldór P. B.

Halldór P. Bjarkason

Mikael Arnarson

Mikael Arnarson

Sigurvin B. Sigurjónsson

Sigurvin B. Sigurjónsson

Valur Fannar Þósson

Valur F. Þósson